

Skýrsla Æskulýðsnefndar Hornfirðings starfsárið 2022 – 2023.

Vetrarstarfið hófst þegar fyrstu hestarnir komu á hús í félagshesthúsinu í byrjun nóvember 2022. Hestamannafélagið Hornfirðingur greiðir niður mánaðargjald fyrir leigu á stíum um 50% fyrir börn og unglinga eða kr. 10.000,- pr. mán. og leitar síðan til fyrirtækja um styrki á móti. Aðalfundur hestamannafélagsins var haldinn 13. nóvember 2022, þar sem teknir voru inn nýir félagar og skipað í nefndir fyrir komandi starfsár. Þrír knapar í unglingsflokki hjá Hornfirðingi voru valin í Hæfileikamótun LH 2022-2023, þau voru Elín Ósk Óskarsdóttir, Friðrik Snær Friðriksson og Ída Mekkín Hlynisdóttir sem er að fara í fyrsta sinn. Mjög margar umsóknir berast til LH ár hvert um þátttöku og að þessu sinni fengu 31 unglingur aðgang. Hæfileikamótun LH er fyrir krakka á aldrinum 14-17 ára og yfirþjálfari hæfileikamótunar eins og undanfarin ár er Sigvaldi Lárus Guðmundsson, reiðkennari ársins 2022. Starf hæfileikamótunar hófst með ferð norður að Háskólanum á Hólum í Hjaltadal þar sem krakkarnir fengu innsýn inn í námið á Hólum, sýnikennslu og reiðkennslu á skólahestum hjá kennurum við skólann ásamt því að fá helgi til þess að kynnst og hrista saman hópinn. Hæfileikamótun LH er fyrsta skref og mögulegur undirbúningur fyrir U-21 landsliðið. Markmið hæfileikamótunar er að:

- Fjölga þeim ungu knöpum sem fylgst er með á landsvísu.
- Undirbúa unga knapa fyrir hefðbundin landsliðsverkefni.
- Byggja upp til framtíðar knapa í fremstu röð.
- Stuðla að uppbyggilegu afreksstarfi víðsvegar um landið.

Í hæfileikamótun eru ungir og efnilegir framtíðarknapar Íslands. Markmiðið er að hjálpa þeim að verða betri þjálfarar og reiðmenn en einnig að kynnst landsliðsumhverfinu og verða að flottum fyrirmyndum fyrir aðra unga knapa.



Þátttakendur í hæfileikamótun LH 2022-2023 í heimsókn að Hólum í Hjaltadal.

Boðið var upp á reiðkennslu tvær helgar í janúar og febrúar á Suðurlandi, kennsluhelgarnar fóru fram í Eldhestahöllinni við Hveragerði. Fyrri helgin var 20. - 22. janúar og fór kennslan fram í einkatímum með Sigvalda Lárusi Guðmundssyni og Þorsteini Björnssyni. Farið var með hestana frá Höfn á föstudeginum í Eldhesta og síðan voru fyrirlestrar og einkatímar með reiðkennurum á laugardag og sunnudag. Einnig var fyrirlestur og vinna með markþjálfanum

Eddu Maríu Löve Baldvinsdóttur og sýnikennsla með Helgu Unu Björnsdóttur í reiðhöllinni. Mjög góð aðstaða er fyrir hesta og knapa í Eldhestum og krakkarnir höfðu líka frjálsan tíma til að kynnast betur og bera saman bækur sínar. Seinni helgin var haldin 21. - 23. apríl í Eldhestum, með svipuðu sniði. Á laugardagsmorguninn var boðið upp á fyrirlestur með Bergrúnu Ingólfssdóttur knapaþjálfara og síðan tók hún krakkana í minni hópum í knapaþjálfun. Krakkarnir okkar í Hornfirðingi voru mjög ánægð með með tímabilið í hæfileikamótuninni og öll ákveðin í að sækja aftur um þátttöku á næsta starfsári 2023-2024.

Laugardaginn 3. desember stóð Æskulýðsnefnd fyrir „Aðventuhitting“ í reiðhöllinni, þar voru hestar í jólabúningi með jólaseríur og jólaskraut í tilefni aðventunnar. Foreldrar mættu með áhugasama hestakrakka sem fengu að hitta hestana, klappa þeim og síðan var teymt undir krökkunum í reiðhöllinni. Einnig voru veitingar í boði, heitt kakó, safi, klementínur ofl.



Snæsa kom með tvö af börnum sínum, barnabarn, vinnukonur, frænku sína og hesta.

Í byrjun janúar, helgina 6. – 8. janúar hófst kennsla við knapamerkin í reiðhöllinni á vegum æskulýðsnefndar. Ragnheiður Þorvaldsdóttir reiðkennari kom mánaðarlega til okkar í vetur á tímabilinu janúar – maí til að kenna knapamerki nr. 1, 2 og 3, sem er bæði bóklegt og verklegt nám. Nokkrum unglingum var boðið að taka stöðupróf í knapamerkjum nr. 1. og 2. og síðan kláruðu þau knapamerki nr. 3 fyrir vorið. Alls tóku þátt 10 krakkar í knapamerkjanámskeiðinu og þess má geta að Sveitarfélagið Hornafjörður veitti Hornfirðingi styrk (Menningarmálanefnd) til að greiða niður þátttökugjald fyrir börn og unglinga. Þeba Björt Karlsdóttir sem starfar í æskulýðsnefnd hafði umsjón með knapamerkjanámskeiðinu, tók sjálf þátt, og sá um gistingu og upphald fyrir Ragnheiði reiðkennara þær helgar sem námskeiðin voru hjá okkur í vetur. Ragnheiður reiðkennari bauð líka upp á einkatíma í reiðkennslu í reiðhöllinni fyrir þá sem vildu.



Ragnheiður Þorvaldsdóttir með nokkrum nemendum á knapamerkjanámskeiðinu í reiðhöllinni.

Mótanefnd Hornfirðings skipulagði þriggja móta liðakeppni í reiðhöllinni í vetur (febr. mars. apríl), fyrir minna vana og meira vana og 13 ára og yngri. Keppendur sóttu um þátttöku og síðan var dregið úr potti í fimm manna lið. Liðin söfnuðu svo stigum og stigahæsta liðið var verðlaunað sérstaklega á lokamótinu. Á fyrsta mótinu var keppt í tvígangi og björtölti, á næsta móti var keppt í fjörgangi og fánakeppni (tímataka) og í lokamótinu var keppt í tölti og þrautabraut (tímataka). Mótið var hugsað til að tengja saman, börn, unglunga og minna og meira vana hestamenn hjá Hornfirðingi og tókst það mjög vel.



Verðlaunahafar í björtölti og sigurliðið í Liðakeppninni í reiðhöllinni, veturinn 2023.

Ístölt Austurlands fór fram við bestu mögulegar aðstæður laugardaginn 18. febrúar á Móavatni við Tjarnarland. Skráningar voru um fimmtíu og keppt var í fimm flokkum. Dómarar á mótinu komu að norðan og voru þeir Magnús Bragi Magnússon og Vignir Sigurðsson. Okkar fulltrúar í Hornfirðingi stóðu sig mjög vel, Elín Ósk Óskarsdóttir og Ísafold frá Kirkjubæ voru sigurvegarar B-flokks með einkunnina 8,76 og Snæbjörg Guðmundsdóttir (Snæsa) og Dís frá Bjarnanesi voru í öðru sæti með 8,67, en Ída Mekkín Hlynsdóttir og Marín frá Lækjarbrekku sem voru efstar inn í úrslit eftir forkeppnina með einkunnina 8,65, en þeim tókst ekki að sýna brokk í úrslitum og Marín var eitthvað að flýta sér. Svekkjandi fyrir þær stöllur, en bara gott í reynslubankann, enda voru þær vel einbeittar þegar þær kepptu í tölti T7 undir 17 ára. Eftir forkeppni leiddi Ída Mekkín og Marín með einkunnina 7,15, þær bættu svo í og unnu flokkinn með einkunnina 7,37, Elín Ósk og Sara frá Lækjarbrekku urðu í öðru sæti með einkunnina 6,88. Friðrik Snær Friðriksson og Kostur frá Margrétarhofi voru einnig í úrslitum en þeir urðu að hætta því það fór undan skeifa.



Sigurvegarar í B-flokki gæðinga, Ísafold frá Kirkjubæ og Elín Ósk Óskarsdóttir.



Sigurveggarar í Tölti T7, Ída Mekkín Hlynsdóttir og Marín frá Lækjarbrekku og Elín Óskarsdóttir og Sara frá Lækjarbrekku sem voru í 2. sæti og afi þeirra stoltur með ræktunina.

Æskulýðsnefnd stóð fyrir reiðnámskeiði með Sigvalda Lárusi Guðmundssyni reiðkennara helgina 17–19 mars og helgina 5–7 maí. Sigvaldi Lárus var valinn reiðkennari ársins árið 2022 og hann er einnig umsjónarmaður með hæfileikamótun LH, en eins og áður segir eru þrír unglingar úr Hornfirðingi í þeim hópi. Hann er mjög vinsæll reiðkennari og það var frábært að fá hann til okkar, enda var fullbókað í alla tíma hjá honum í bæði skiptin. Seinni helgina fór hann einnig með þeim sem vildu út á hringvöll til að aðstoða knapa við að setja saman og æfa keppnisprogram fyrir félagsmót. Það hittist svo á að Sigvaldi Lárus reiðkennari var að kenna á námskeiði hjá okkur á afmælisdaginn sinn, þann 6. maí, og auðvitað fékk hann afmælisköku. Námskeiðið var niðurgreitt um helming fyrir börn og unglunga úr Hornfirðingi.



Sigvaldi Lárus Guðmundsson reiðkennari að leiðbeina Elínu Ósk.

Á Skírdag fóru nokkrir félagar í Hornfirðingi (18) í árlegan páskareiðtúr upp fyrir Meðalfell og þaðan yfir Laxá í Nesjum, til baka svokallaðan minnkahring, samtals 11 km. Fararstjóri var Örn Þór Þorbjörnsson formaður útreiðarnefndar. Alltaf gaman að njóta útiveru saman, félagar ungir sem gamlir á gæðingum sínum. Takk fyrir útreiðarnefnd Hornfirðings og landeigendur.



Páskaútreið í góðu veðri á Skírdag, ungir sem gamlir félagar í Hornfirðingi og allt þar á milli.



Reiðnámskeið með Olil Amble reiðkennara var haldið að Syðri-Gegnishólum helgina 29. - 30. apríl, að ósk unglínganna okkar sem voru helgina áður á námskeiði í Hæfileikamótun LH, í Eldhestum í Hveragerði. Krakkarnir úr Hornfirðingi voru Elín Ósk, Friðrik Snær, Ída Mekkín og Viktor Óli á Selfossi. Einnig voru með í för helstu stuðningsmenn og þjálfararar krakkanna, þau Snæsa, Bjarney Jóna, Gunnar Ásgeirs, Linda Björgvins (mamma Viktors) og afi Pálmi sem var bílstjóri og kokkur yfir helgina. Við fengum frábærar móttökur hjá Olil og Bergi, allir voru í skýjunum með námskeiðið og sýnikennslu Olil í höllinni á höfðingjanum Álfaklett frá Syðri-Gegnishólum. Í lokin var lögð fram ósk um að fá að koma aftur á námskeið á næsta tímabili.



Áhugasamir knapar og stuðningsfólk á námskeiði hjá Olil á Syðri-Gegnishólum.

Firmakeppni Hornfirðings árið 2023 var haldin 1. maí í frábæru veðri með útsýni til jökla sem erfitt er að toppa annarsstaðar á landinu. Mótið var á hringvellinum okkar á Fornustekkom, en mótið er alltaf mikilvæg fjáröflun fyrir hestamannafélagið. Samtals styrktu 45 aðilar með firmu og Hestamannafélagið vill þakka öllum styrktaraðilum fyrir ómetanlegan stuðning. Keppt var í fjórum flokkum, tvígangi barna, tvígangi minna vanir, tvígangi meira vanir og þrígangi þar sem einnig var sýnt skeið á beinni braut. Dregið var úr firmum um hvaða knapi keppti fyrir hvaða styrktaraðila. Úrslit urðu eftirfarandi eftir flokkum;

- 13 ára og yngri, Bjarni Magnússon og Litla-Jörp frá Fornustekkom, kepptu fyrir Z-Bistro
- Minna vanir, Magnús Skúlason og Flóki frá Haga, kepptu fyrir Brunnhól – Gistiheimili
- Meira vanir, Elín Ósk Óskarsdóttir og Ísafold frá Kirkjubæ, kepptu fyrir Iceguide
- Þrígangur, Friðrik Snær Friðriksson og Kostur frá Margrétarhofi, kepptu fyrir Skinney-Þinganes



Firmakeppni Hornfirðings fór fram í fallegu veðri og fjallasýn á hringvöllinum á Fornustekkom.



Verlaunahafar í Firmakeppninni í tvígangi barna, tvígangi minna vanir, tvígangur meira vanir og þrígangi. Ungu fólkið okkar áberandi í öllum flokkum og yfirleitt í efstu sætum.

Keppnisfólkið okkar í unglingsflokkum hefur verið duglegt að keppa í sumar, þau Friðrik Snær og Ída Mekkin réðu sig aftur í sumurvinnu á hestabú en Elín Ósk var að vinna í Nettó á Höfn. Friðrik Snær var á Margrétarhofi hjá Aðalheiði og Reyni. Ída Mekkin var hjá Snæsu og Frikka.

Þau vildu öll reyna að taka meira þátt í íþróttakeppni á árinu, s.s. fjórgangi, tölti og fimmgangi og síðan vildu þau undirbúa sig vel fyrir Fjórðungsmót Austurlands með því að taka þátt í gæðingakeppni á Suðurlandi fyrir félagsmót Hornfirðings. Fyrsta íþróttamótið sem þau fóru á var Opna WR íþróttamót Geysis á Gaddstaðaflötum við Hellu. Þar kepptu þau í fjórgangi V2, tölti T3 og F2 fimmgangi. Markmiðið hjá þeim var að fá yfir 6 í einkunn og komast í úrslit til að öðlast meiri reynslu í íþróttakeppni. Elín Ósk Óskarsdóttir og Sara frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín Hlynsdóttir og Marín frá Lækjarbrekku kepptu í tölti T3 og komust báðar í A-úrslit og Elín Ósk og Sara enduðu í 3-4 sæti með einkunnina 6,39 og Ída Mekkín og Marín enduðu í 5. sæti með 6,11. Krakkarnir tóku öll þátt í V2 fjórgangi og Elín Ósk og Sara komust í A-úrslit og enduðu í 3. sæti með 6,40. Friðrik Snær Reynisson og Flóki frá Hlíðarbergi tóku þátt í B-úrslitum og enduðu í 8. sæti með einkunnina 6,23 og Ída Mekkín og Marín enduðu í 9. sæti með einkunnina 6,0. Friðrik Snær og Gjafar frá Hlíðarbergi tóku þátt í F2 fimmgangi en komust ekki áfram, skeiðið klikkaði. Það má ekki gleyma að þakka stuðningsfólkinu, Bjarney Jónu og Hlyn á Svanavatni sem alltaf eru tilbúin að aðstoða krakkana í æfingum og keppni.



Opið WR íþróttamót Geysis á Gaddstaðaflötum haldið dagana 26-28 maí 2023.

Opið gæðingamót Geysis á Gaddstaðaflötum við Hellu dagana 9-11 júní, var jafnframt úrtaka fyrir Fjórðungsmót á Austurlandi fyrir Geysisfélag. Krakkarnir gerðu sér lítið fyrir og lentu í efstu þremur sætum í forkeppni í unglíngaflokki gæðinga. Friðrik Snær var einnig með Árdísi frá Bjarnanesi í forkeppni. Ída Mekkín Hlynsdóttir og Marín frá Lækjarbrekku sigruðu A-úrslitin með einkunnina 8,69 og Friðrik Snær Friðriksson og Flóki frá Hlíðarbergi enduðu í 3. sæti með einkunnina 8,64. Elín Ósk Óskarsdóttir og Ísafold frá Kirkjubæ komu inn í A-úrslit úr forkeppni í 3. sæti en urðu því miður að hætta keppni í úrslitum vegna meiðsla sem tóku sig upp í öxl hjá Elínu Ósk og hryssan hennar var einnig sjóðandi viljug í úrslitunum. Í Gæðingatölti unglínga tóku þátt, Ída Mekkín og Marín frá Lækjarbrekku og Elín Ósk og Sara frá Lækjarbrekku, þær voru í efstu sætum í forkeppni ásamt Elísabetu Líf Sigvaldadóttur og unnu sér rétt til að keppa í A-úrslitum þar sem Ída Mekkín Hlynsdóttir og Marín frá Lækjarbrekku sigruðu einnig með einkunnina 8,59 og Elín Ósk Óskarsdóttir og Sara frá Lækjarbrekku enduðu í 3. sæti með einkunnina 8,55 en Elísabet Líf Sigvaldadóttir og Sumarliði frá Hárlaugstöðum, Geysisfélagi, enduðu í 2. sæti með einkunnina 8,56.



Krakkarnir á Opna Gæðingamóti Geysis á Gaddstaðafötum, haldið dagana 9. – 11. júní 2023. Vinnumennirnir á Svanavatni þeir Unnsteinn Heiðar og Viktor Óli voru líka að keppa á mótinu.

Reykjavíkumeistaramót Fáks, var haldið dagana 12. júní – 18. júní 2023. Frænkurnar Elín Ósk og Ída Mekkín vildu æfa sig í íþróttakeppni og prófa að keppa á Fáksvellinum í fyrsta sinn. Þær fóru strax suður eftir gæðingamótið á Hellu og tóku þátt í V2 fjórgangi og T3 tölti. Elín og Sara lentu í 11. sæti í forkeppni í V2 fjórgangi með einkunnina 6,43 en Ída Mekkín og Marín lentu í 33. sæti með einkunnina 5,93 (52 hestar í forkeppni). Þær kepptu einnig í T3 tölti og Ída Mekkín og Marín lentu í 10-11 sæti í forkeppni með einkunnina 6,50 og einnig í B-úrslitum. Elín Ósk og Sara voru í 15-18 sæti með einkunnina 6,27 (31 hestur í forkeppni).



Elín Ósk með Söru og mömmu sinni Írisi Heiði og Ída Mekkín með Marín með Bjössu afa.

Opið félagsmót Hornfirðings og úrtaka fyrir Fjórðungsmótið á Austurlandi var haldið helgina 23. – 24. júní að Fornustekku í Nesjum. Í barnaflokki voru 3 keppendur á 4 hrossum, 1. sæti hlutu Funi frá Miðfossu og Eyrún Stína S. Guðmundsdóttir með einkunnina 8,27, og 2. sæti Litla-Jörp frá Fornustekku og Bjarni Magnússon með einkunnina 8,00 og í 3. sæti var Eymundur frá Hvítanesi og Erlín Hrefna Arnarsdóttir með einkunnina 7,11.



F.h. Eyrún Stína á Funa, Bjarni á Litlu-Jörp og Erlín Hrefna á Eymundi.

Í unglingsflokki gæðinga voru 6 keppendur. Forkeppnin gaf fyrirheit um háar einkannir og harða keppni í A-úrslitum, en efstu þrjú voru Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín Hlynsdóttir með einkunnina 8,73, Ísafold frá Kirkjubæ og Elín Ósk Óskarsdóttir með einkunnina 8,64, Flóki frá Hlíðarbergi og Friðrik Snær Friðriksson með einkunnina 8,56. Í æsispennandi A-úrslitum sem enduðu í grenjandi rigningu voru Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín, í 1.-2. sæti með sömu einkunn, 8,91 eins og Ísafold frá Kirkjubæ og Elín Ósk, í 3. sæti var Flóki frá Hlíðarbergi, og Friðrik Snær, með einkunnina 8,74, í 4. sæti Jörundur frá Eystra-Fróðholti og Viktor Óli Helgason með einkunnina 8,34 og í 5. sæti Brák frá Lækjarbrekku og Hildur Sunna Einarsdóttir. Dómarar ákváðu sætaröðun um fyrstu sætin, þannig að Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín hrepptu 1. sætið og farandbikarinn í Unglingsflokki gæðinga en Elín Ósk var valin efnilegasti knapi mótsins af dómurum og fékk afhentan farandbikar af því tilefni á sama tíma.



A-úrslit í unglingsflokki, Ída Mekkín á Marín, Elín Ósk á Ísafold, Friðrik Snær á Flóka, Viktor Óli á Jörundi og Hildur Sunna á Brák.



A-úrslit í gæðingatölti unglunga, 1. sæti Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín Hlynsdóttir, 2. sæti Sara frá Lækjarbrekku og Elín Ósk Óskarsdóttir, 3. sæti Pyrí frá Melum og Friðrik Snær Friðriksson, 4. sæti Jörundur frá Eystra-Fróðholti og Viktor Óli Helgason og 5. sæti Litla-Jörp frá Fornustekjum og Bjarni Magnússon.



Stökk 350 metrar,

*1. sæti Eymundur frá Hvítanesi, knapi Erlín Hrefna Arnarsdóttir
2. sæti Funi frá Mið-Fossum, knapi Eyrún Stína S. Guðmundsdóttir*



Pollaflokkur, Ásthildur Sigrún og Stakkur, Skúli Baldur og Fífa og Unnsteinn Heiðar og Klaustri.

Fjórðungsmót Austurlands var haldið dagana 6-9 júlí 2023. Fulltrúar Hornfirðings í barnaflokki gæðinga voru, Litla-Jörp frá Fornustekjum og Bjarni Magnússon, Funi frá Mið-Fossum, og Eyrún Stína S. Guðmundsdóttir. Í forkeppninni fengu Litla-Jörp og Bjarni einkunnina 8,14 og unnu sér rétt til að keppa í B-úrslitum og þar enduðu þau í 13. sæti með 8,19 í aðaleinkunn. Þetta var góð frumraun hjá þeim og gott í reynslubankann fyrir framtíðina. Í unglingsflokki gæðinga voru fulltrúar Hornfirðings, Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín Hlynsdóttir, Ísafold frá Kirkjubæ og Elín Ósk Óskarsdóttir og Flóki frá Hlíðarbergi og Friðrik Snær Friðriksson. Eftir forkeppnina var Marín og Ída Mekkín efstar með einkunnina 8,64, Ísafold og Elín Ósk í 3. sæti með 8,57 og Flóki og Friðrik Snær með 8,50. A-úrslitin voru æsispennandi og að lokum hrepptu Flóki frá Hlíðarbergi og Friðrik Snær Friðriksson 1. sætið með einkunina 8,92, í 2. sæti var Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín með 8,87 og Ísafold frá Kirkjubæ og Elín Ósk í 4. sæti með 8,71. Við erum afar stolt af krökkunum okkar sem tóku þátt í keppni á Fjórðungsmóti Austurlands 2023, þau gerðu frábærar sýningar og voru að öllu leyti til fyrirmyndar.



*FM 2023, Unglingsflokkur gæðinga, A-úrslit, 1. sæti Flóki frá Hlíðarbergi og Friðrik Snær
2. sæti Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín, 3. sæti höfðinginn Klerkur frá Bjarnanesi og
Lilja Dögg (Hornfirðingur) og í 4. sæti Ísafold frá Kirkjubæ og Elín Ósk.*



Opna gæðingamótið á Flúðum var haldið dagana 26-29 júlí 2023. Unglingaflokkur gæðinga var mjög sterkur og alls voru 44 hestar skráðir í forkeppni. Okkar krökkum gekk mjög vel, í forkeppninni var Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín Hlynsdóttir í 3. sæti með einkunnina 8,53, Ísafold frá Kirkjubæ og Elín Ósk Óskarsdóttir í 5. sæti með einkunina 8,49 og Flóki frá Hlíðarbergi og Friðrik Snær Friðriksson í 8. sæti með einkunnina 8,47. Í úrslitum enduðu Marín og Ída Mekkín í 2-3 sæti með einkunnina 8,73 og Flóki og Friðrik Snær í 4. sæti með 8,70 og Ísafold og Elín Ósk í 7. sæti með 8,58. Enn og aftur frábær árangur hjá þeim öllum.



Verðlaunaafhending í ungingaflokki gæðinga, Straumur og Elva í 1. sæti, Fjöður og Svandís ásamt Marín og Ídu Mekkín jafnar í 2-3 sæti, Flóki og Friðrik Snær í 4 sæti, Aðgát og Ragnar Bjarki í 5 sæti, Hraunar og Guðný Dís í 6 sæti, Ísafold og Elín Ósk í 7 sæti og Viðar og Hildur María í 8 sæti.



Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Oirschot í Hollandi, Elín Ósk og Ída Mekkín í fyrsta sinn á HM. Vinkonur þeirra Mathilde frá Hollandi en býr á Höfn og Leoni frá Þýskaland.

Suðurlandsmót yngri flokka, var haldið dagana 18-19. ágúst á Gaddstaðaflötum við Hellu. Elín Ósk og Ída Mekkín fóru á Heimsmeistaramótið í Hollandi og á meðan voru hryssurnar á Svanavatni í þjálfun hjá Bjarney Jónu og Hlyn. Stelpurnar tóku tvær æfingar með Bjarney Jónu og Hlyn á Hellu áður en mótið hófst. Friðrik Snær var að vinna á Margrétarhofi og kom líka á æfingu á Hellu. Þetta var síðast hestamótið sem krakkarnir fóru á í sumar til að keppa. Í T3 Tölti var Ída Mekkín og Marín í 9. sæti með einkunnina 6,40 í forkeppninni, Elín Ósk og Sara voru í 12. sæti í forkeppni með einkunnina 6,27 og Friðrik Snær og Flóki voru í 20. sæti með einkunnina 5,27. Friðrik Snær keppti í flugskeiði 100m í ungingaflokki á Lukku frá Úthlíð og fékk frábæran tíma 7,96. Þau kepptu einnig í V2 Fjörgangi og Ída Mekkín og Marín voru í 4.

sæti í forkeppninni með einkunnina 6,67, Elín Ósk og Sara voru í 11 sæti með einkunnina 6,33 og þær unnu síðan B-úrslit með einkunnina 6,70 og unnu sér rétt til að keppa í A-úrslitum en þar urðu Ída Mekkín og Marín í 3. sæti með einkunnina 6,90 og Elín Ósk og Sara í 6. sæti með einkunnina 6,60. Friðrik Snær og Gjafar frá Hlíðarbergi tóku þátt í F2 Fimmgangi og lentu í 7. sæti með einkunnina 5,60.

- **Stöðulisti árið 2023, unglingsflokkur gæðinga**, Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín Hlynsdóttir 1. sæti með 8,73, Ísafold frá Kirkjubæ, Elín Ósk Óskarsdóttir 3. sæti með 8,64 og Flóki frá Hlíðarbergi og Friðrik Snær Friðriksson 6. sæti með 8,56
- **Stöðulisti árið 2023, gæðingatölt unglings**, Marín frá Lækjarbrekku og Ída Mekkín Hlynsdóttir 1. sæti með 8,74, Sara frá Lækjarbrekku og Elín Ósk Óskarsdóttir 5. sæti með 8,63 og Þyri frá Melum og Friðrik Snær Friðriksson 16. sæti með 8,34
- **Stöðulisti árið 2023, Tölt T3**, Ída Mekkín Hlynsdóttir og Marín frá Lækjarbrekku 20. sæti með 6,50 og Sara frá Lækjarbrekku og Elín Ósk Óskarsdóttir 30. sæti með 6,30 og Friðrik Snær Friðriksson og Flóki frá Hlíðarbergi 49. sæti með 5,93
- **Stöðulisti árið 2023, Fjörgangur V2**, Ída Mekkín Hlynsdóttir og Marín frá Lækjarbrekku 9-12. sæti með 6,67, Elín Ósk Óskarsdóttir og Sara frá Lækjarbrekku 20. sæti með 6,43 og Friðrik Snær Friðriksson og Flóki frá Hlíðarbergi 38. sæti með 6,20
- **Stöðulisti árið 2023, Flugskeið 100m P2**, Friðrik Snær Friðriksson og Lukka frá Úthlíð 7. sæti 7,96 sek.

Í sumar var boðið upp á fjölda hestasýninga fyrir farþega skemmtiferðaskipa sem koma til Djúpavogs og síðan með rútum á hestavöllinn. Snæsa og Pálmi hafa haft umsjón með þessum sýningum með því að útvega hesta, hunda og knapa í sýningarnar. Krakkarnir okkar í æskulýðsstarfinu hafa hjálpað til við sýningarnar og hestamannafélagið hefur fengið hluta af tekjum sem styrk til æskulýðsmála. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Vatnajökul Travel.

Æskulýðsnefnd hefur útbúið viðburðadagatal í upphafi hvers starfsárs þannig að dagskrá liggja fyrir um viðburði hjá hestamannafélaginu og ýmiss mót og námskeið sem krakkarnir vilja taka þátt í. Reiðhöllin og félagshesthúsið er forsenda þess að hægt er að búa til samfellu í æskulýðsstarfi og námskeiðahaldi þannig að krakkarnir geti byrjað fyrr og skipulagt sig fyrir tímabilið eins og gert er í öðrum íþróttagreinum. Við sem störfum að æskulýðsmálum á landsbyggðinni þekkjum vel, að við þurfum að leggja enn meira á okkur til að krakkarnir okkar geti tekið þátt í mótum og námskeiðum, t.d. ferðalög með hesta og mannskap um langan veg. Við erum mjög spennt fyrir komandi ári og hlökkum til að fylgja eftir þeim árangri sem hefður náðst á undanförunum árum. Æskulýðsnefnd er að undirbúa viðburðardagatal fyrir starfsárið 2023-2024, hápunkturinn verður að sjálfsgöðu, þátttaka í Landsmóti hestamanna sem verður haldið á félagssvæði Fáks í Reykjavík dagana 1-7 júlí 2024, unga fólkið okkar ætlar sér stóra hluti þar og vilja koma vel undirbúin til leiks. Að lokum viljum við nota tækifærið og þakka öllum fyrir ánægjulegt samstarf og stuðning á liðnu ári.

Hornafirði, 4. nóvember 2023.

F.h. Æskulýðsnefndar Hornfirðings,

Pálmi Guðmundsson